



## Fundargerð

### 191. fundur skipulagsnefndar haldinn í fjarfundi, mánudaginn 11. mars 2024, kl. 14:00.

#### Fundinn sátu:

Jón Hrafn Karlsson, Rúnar Þorri Guðnason, Jóhannes Gissurarson, Guðbrandur Magnússon, Elín Heiða Valsdóttir, Óskar Örn Gunnarsson og Einar Kristján Jónsson.

**Fundargerð ritaði:** Einar Kristján Jónsson, .

Formaðurinn bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 14.02.

#### Almenn mál

1. 2403004 - Efri Ey 2 byggingarleyfisumsókn

*Tekið fyrir erindi Inga Svavarssonar dagsett 8. janúar 2024. Í erindinu er sótt um að fá að reisa 52 m<sup>2</sup> hús til útleigu í landi Efri Eyjar 2. Meðfylgjandi erindinu fylgja byggingarnefndarteikningar er sýna útlit og afstöðu hússins. Fyrir eru 3 hús á svæðinu.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að áformin verði samþykkt og telur að áformin séu þess eðlis að þau séu undanþegin grenndarkynningu sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga. Áformin eru innan þess ramma sem leyfilegt er innan landbúnarsvæðis þar sem minniháttar ferðapjónusta er leyfð innan landbúnaðarsvæðis. Frekari uppbygging er þó háð gerð deiliskipulags.**

2. 2403005 - Teygingalækur-breyting á deiliskipulagi

*Tekið fyrir erindi Hjálta Halldórssonar, dagsett 12. febrúar 2024. Í erindinu er sótt um breytingu á deiliskipulagi fiskeldisstöðvar við Teygingalæk. Breytingin felst í stækkun byggingareits undir núverandi starfsemi og fjölgun kerja úr 14 í 20. Á byggingareit A fjölga kerjum um 4 en á reit C um 2. Um er að ræða uppfærslu á deiliskipulagi m.t.t. núverandi ástands.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

3. 2403006 - Skaftárvellir 30-fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

*Tekin fyrir fyrirspurn til skipulagsfulltrúa frá Digrakletti ehf, dagsett 12. febrúar 2024. Óskað er eftir afstöðu skipulagsnefndar varðandi byggingaráform 8 íbúða raðhúss á lóð Skaftárvalla 30. Meðfylgjandi fyrirspurninni fylgja teikningar af mögulegri útfærslu hússins.*

**Skipulagsnefnd leggur til að húsinu verði fundin önnur lóð. Um er að ræða of litla lóð fyrir 8 íbúða raðhús. Gildandi deiliskipulag heimilar parhús á lóðinni og stækka þyrfti lóðina talsvert til þess að áformin myndu ganga upp. Ennfremur myndu áformin kalla á breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps. Við Skaftárvelli 23 og 25 er hægt að koma fyrir 2 hæða fjölbýli fyrir 8 íbúðir. skv. gildandi deiliskipulagi**



4. 2403007 - Dalbæjarstapi deiliskipulag

*Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir Dalbæjarstapa. Deiliskipulagið nær yfir 2,7 ha með aðkomu frá Holtsvegi. Fyrirhugað er að reisa allt að 18 gestahús til útleigu ferðamanna, hvert hús allt að 60 m<sup>2</sup>. Í gildandi aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði*

**Þar sem tillagan er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag eða auglýsta tillögu að endurskoðun aðalskipulags er ekki mögulegt að auglýsa deiliskipulagið. Skipulagsnefnd leggur til að áður en tillagan verði auglýst og fái málsmeðferð í samræmi við 43. gr. skipulagslaga þá nýti framkvæmdaraðili tímann til að skrá fornleifar fyrir svæðið. Ennfremur vantar upplýsingar fyrir hvernig aðkomu er háttað að hverju húsi sem og upplýsingum um vatnsöflun fyrir fráveitu og brunavarnir. Tillagan verði síðan auglýst samhliða auglýsingu á endurskoðun aðalskipulags sem er í vinnslu.**

5. 2403008 - Stofnun þjóðlendu-Síðujökull, Háabunga og Súlujökull

*Með bréfi dags. 20. nóvember 2023 sækir forsætisráðuneytið um stofnun fasteignar (þjóðlendu), sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Landssvæðið sem óskast stofnað er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 9/2003 og dómi Hæstaréttar Ísland í máli nr. 47/2007, dags. 18. október 2007. Um þjóðlenduna fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Afmörkun þjóðlendunnar: Dregin verði lína eftir mörkum sveitarfélagsins Hornafjarðar og Skaftárhrepps frá sjó að Skeiðarárjökli og meðfram honum að punkti á Eystrafjalli, þaðan verði brúnum þess fylgt að Núpsárfossi og línan síðan dregin í gilkjaftinn, þar sem Hvítárgljúfur skiptist, gljúfrinu verði svo fylgt upp á brún Bjarnarins í 984 m hæð, þaðan verði dregin bein lína í punkt í 731 m hæð í Miðfelli og áfram að þeim stað, þar sem hún skeri landamerki Núpa að vestanverðu.*

**Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti erindi forsætisráðuneytisins og leggur eftirfarandi tillögu fyrir sveitarstjórn: "Sveitarstjórn samþykkir umsókn forsætisráðuneytisins um stofnun þjóðlendu og felur sveitarstjóra og eða byggingarfulltrúa að annast stofnun þjóðlendunnar."**

6. 2403009 - Stofnun þjóðlendu-Katla sá hluti innan Skaftárhrepps

*Með bréfi dags. 27. febrúar 2024 sækir forsætisráðuneytið um stofnun fasteignar (þjóðlendu), sbr. 14. gr. laga um skráningu og mat fasteigna, nr. 6/2001. Landssvæðið sem óskast stofnað er þjóðlenda samkvæmt úrskurði óbyggðanefndar í máli nr. 6/2003, dags. 10. desember 2004 og dómi Hæstaréttar Ísland í máli nr. 448/2006, dags. 16. maí 2007. Um þjóðlenduna fer eftir ákvæðum laga um þjóðlendur og ákvörðun marka eignarlanda, þjóðlendna og afrétta, nr. 58/1998 með síðari breytingum. Afmörkun þjóðlendunnar. Frá skurðpunkti við Goðabungu (m6b-1) á sveitarfélagamörkum Rangárbings eystra og Skaftárhrepps að Kötlukolli (1310 m), klettahöfða í Höfðabrekkujökli (m6b-2) þaðan liggur línan svo í skurðpunkt (m6b-3) á línu sem dregin er milli Entu (1347 m), í norðvestanverðum Mýrdalsjökli, og Huldufjalli (730 m) og stefnulínu sem dregin er úr upptökum Fúlalækjar (Jökulsár á Sólheimasandi), í stefnu á Mælifell, við norðaustanverðan Mýrdalsjökul, í suðvestanverðum jöklinum. Þaðan til suðurs í upphafspunkt á fyrrnefndum skurðpunkti við Goðabungu (m6b-1) á sveitarfélagamörkum Rangárbings eystra og Skaftárhrepps.*

**Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti erindi forsætisráðuneytisins og**



leggur eftirfarandi tillögu fyrir sveitarstjórn: "Sveitarstjórn samþykkir umsókn forsætisráðuneytisins um stofnun þjóðlendu og felur sveitarstjóra og eða byggingarfulltrúa að annast stofnun þjóðlendunnar".

7. 2403010 - Efri Vík -Selhólavegur skilmálabreyting

*Tekin fyrir tillaga að breytingu á deiliskipulagi frísundabyggðar í landi Efri-Víkur. Breytingin felur í sér að bætt er við byggingarreit fyrir 250 m<sup>2</sup> skemmu á lóðinni Selhólavegur 6 (L224466), í stað fellur út heimild fyrir 40 m<sup>2</sup> bílgeymsla.*

**Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að tillagan fái málsmeðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.**

Fleira ekki gert,  
fundi slitið kl. 15.28

---

Jón Hrafn Karlsson

---

Rúnar Þorri Guðnason

---

Jóhannes Gissurarson

---

Guðbrandur Magnússon

---

Elín Heiða Valsdóttir